



AÐ LYFTA FÓLKI MEÐ LYFTARA

Efnisyfirlit

Inngangur

1. Almennt
2. Karfa
3. Lyftari
4. Merki
5. Notkun

Inngangur

Við tilfallandi vinnu, sem að öllu jöfnu er framkvæmd úr stigum eða af verkpöllum, er í sumum tilvikum heppilegra að nota lyftara. Alvarleg slys og óhöpp hafa orðið við notkun lyftara á þennan hátt, þegar búnaður hefur verið ófullnægjandi. Leiðbeiningar þessar eru gerðar til að reyna að koma í veg fyrir slys að þessu tagi.

Leiðbeiningarnar eru gefnar út samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þeim er ætlað að stuðla að því að vinnuskilyrði verði í samræmi

við markmið og kröfur laganna. Þess er vænst að leiðbeiningarnar gagnist bæði starfmönnum og stjórnendum á þeim mörgu vinnustöðum

þar sem lyftarar eru í notkun; auðveldi fyrirtækjunum að fullnægja því ákvæði vinnuverndarlaganna að gætt sé fyllsta öryggis á vinnustað og verkstjórum að fullnægja þeirri skyldu sinni að sjá um að búnaður allur sé góður og öruggt skipulag sé ríkjandi á þeim vinnustöðum sem þeir hafa umsjón með.

Í "Leiðbeiningum um vinnuvernd" er greint frá því hvernig atvinnurekendur, verkstjórar og starfsmenn geta uppfyllt þær kröfur sem til þeirra eru gerðar í gildandi lögum og reglum um vinnuvernd á því sviði sem leiðbeiningarnar taka til. Þær eru því ekki lagalega bindandi fyrir atvinnurekanda; í þeim er einungis bent á leiðir til að uppfylla laga-skyldu. Jafnframt bera leiðbeiningarnar vitni um hvaða kröfur eftirlitsmenn Vinnueftirlitsins gera um vinnutilhögun og öryggisráðstafanir við vinnu og tæki og búnað sem um er fjallað í þeim.



1. Almennt

Einungis ætti að nota lyftara til að lyfta fólki við tilfallandi vinnu sem tekur stuttan tíma og nota jafnan þar til gerða kórflu.

2. Karfa

Þyngd lestaðrar kórflu má ekki vera meiri en 500 kg. Ekki má lyfta fleiri en tveimur mönnum í einu.

Gólfhlötur kórflu má mest vera 1,2 x 1,2 m og ekki minni en 0,6 m² fyrir hvern einstakling. Gólf kórfunnar má ekki vera úr efni sem hálfka getur myndast á. Gólfid skal vera þannig að það sjáist niður í gegnum það t.d. úr neti en þó mega möskvar þess ekki vera stærri en 15 mm.

Hliðar kórflu skulu vera minnst 1 m á hæð. Í kórflu skal vera tálísti sem er minnst 100 mm há. Hliðar skulu klæddar með neti með möskvastærð mest 40 mm. Á hliðum kórflu skal vera handlísti sem er í um 100 mm hæð yfir kórflubrún og um 100 mm innan við hana.

Hliðgrind kórflu má ekki opnast út, sjálfvirk læsing skal vera á henni sem kemur í veg fyrir að hún verði opnuð í ógáti. Á þeirri hlið kórfunnar, sem snýr að mastri lyftarans, skal vera hlíf með neti sem hindrar að þeir sem eru í kórfunni geti komist í snertingu við hreyfanlegu hluta mastursins. Hlífín skal vera minnst 1,7 m há og minnst jafn breið og karfan.

Þegar karfan er fest á gaffla lyftarans skal botn hennar ekki vera meira en 100 mm fyrir ofan efri brún gafflanna.

Karfan skal vera þannig gerð að aðeins sé unnt að setja hana rétt á lyftarann. Hægt skal vera að læsa kórfunni við bak lyftaragaffla. Læsingar skulu vera tvær, óháðar hvor annari. Auðvelt skal vera að fylgjast með læsingum úr kórfunni.

Hólkar eða lykkjur fyrir gaffla skulu ekki vera meira en 150 mm innan við hliðar kórfunnar. Innanmál þeirra má ekki vera nema 50 mm meira en breidd gafflanna og hæðin 20 mm meiri en þykkt gafflanna.

3. Lyftari

Lyftigeta lyftara, sem notaður er til að lyfta fólki, skal vera minnst 5 sinnum meiri en það sem karfan með hámarksbyrði vegur.

Karfa með hámarksbyrði má ekki síga hraðar en 0,5 m/s þó vökvarör brotni eða vökvaslanga fari í sundur.

Ekki má nota lyftara með minni lyftigetu en 1800 kg til að lyfta fólki. Mesta bil á milli gaffla má ekki vera minna en 900 mm.

4. Merki

Á kórflu skal vera merki með greinilegri og varanlegri áletrun sem gefur til kynna eigin þyngd kórflu og hámarksbyrði ásamt upplýsingum um framleiðanda. Á kórflu skal vera plata 150 x 200 mm fyrir skráningamerki Vinnueftirlits ríkisins.

5. Notkun

Þegar lyftari er notaður til að lyfta fólki skal stjórnandi hafa þjálfun í notkun þess lyftara og hafa gild réttindi til að stjórna honum.

Áður en fólki er lyft, skal stjórnandi lyftarans og þeir/sá sem lyfta á skoða lyftarann og kórfluna vandlega og ganga úr skugga um að lyftari og karfa séu í góðu lagi. Þeir skulu prófa virkni stjórnækja lyftarans og lyfta tómri kórflu upp í mestu lyftihæð.

Þegar fólki er lyft með lyftara skal hann standa á láréttum fleti. Stjórnandi má ekki yfirgefa lyftarann þegar karfa er uppi með fólk í má stjórnandinn ekki yfirgefa lyftarann.


Almennt skal ekki lyfta fólki í meiri hæð en 5 m. Í undantekningartilvikum má lyfta hærra en þá skal það gert með sérstakri varúð.

Þegar fólki er lyft hærra en 1 m yfir undirstöðuflokk skal lyftarinn vera kyrrstæður og handhemill á. Þegar kórflu hefur verið lyft í þá hæð sem vinna krefst skal stöðva hreyfil lyftarans.

Ekki má aka lyftara með fólki í kórflu nema hún sé í neðstu stöðu.

Sé verið að lyfta fólki þar sem önnur umferð er skal setja upp aðvörunarmerki til að koma í veg fyrir árekstra. Setja skal upp flagglinur eða blikkandi aðvörunarljós kringum afhafnasvæðið. Einnig skal komið í veg fyrir að fólk sé á ferli undir körfunni.


Dæmi um gerð kórfu



Dæmi um merki á kórfu

Framleiðandi:	
Framleiðslunúmer:	Árg.:
Hámarksbyrði:	kg.
Þyngd kórfu:	kg.
Heildarþyngd:	kg.
Hámark	mennt

(Stærð plötu 150 * 200 mm)



6. Skoðun

Nýja kórfu skal skoða og álagsprófa. Fullnægi karfan kröfum um öryggi skal hún skráð og á hana sett skráningarkerki.

VINNUEFTIRLIT RÍKISINS	
VINNUVÉLASKRÁNING	
SKR. NÚMER	VH 0120
<div style="display: flex; align-items: center;"> NEST A SKOÐUN ➔ <div style="border: 1px solid black; width: 100px; height: 100px; margin-left: 10px;"></div> </div>	



Vinnueftirlit ríkisins

AÐSETUR – OPNUNARTÍMI

Aðalskrifstofa Vinnueftirlitsins að Bíldshöfða 16 er opin virka daga kl. 8²⁰-16⁰⁰.
Síminn er 672500.

Sérfræðideildir Vinnueftirlitsins eru í Bíldshöfða 16 ásamt umdæmisskrifstofu fyrir Reykjavík og nágrenni.

Umdæmisskrifstofur eru í kjördæmum utan Reykjavíkur:

- Vesturland: Akranesi s. 12670.
- Vestfirðir: Ísafirði s. 4464.
- Norðurland vestra: Sauðárkróki s. 35015
- Norðurland eystra: Akureyri s. 25868.
- Austurland: Egilsstöðum s. 11636.
- Suðurland: Hveragerði s. 34660.
- Vestmannaeyjar: s. 12834/12532.
- Suðurnes: Keflavík s. 11002.

Vinnuslys skal tilkynna

Alvarleg vinnuslys skal tilkynna strax til lögreglu og Vinnueftirlits ríkisins (næstu umdæmisskrifstofu). Önnur slys á þar til gerðu eyðublaði, þ.e. valdi slysið fjarveru a.m.k. einn dag auk slysadagsins. Tilkynningaskyldan hvílir lögum skv. á atvinnurekenda eða fulltrúa hans. En allir ættu að gera sitt til að upplýsingar, sem auðvelda slysavarnir, séu gefnar.